

Rangárþing eystra
Austurvegur 4
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 1. nóvember 2023
Málsnúmer: 202310-0029
BK

Efni: Lýsing á breytingu á aðalskipulagi vegna Dímonarflata

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 18. október 2023, þar sem Rangárþing eystra óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi vegna Dímonarflata. Breytingin nær til 7 lóða, að heildarstærð 51,6 ha af landbúnaðarlandi, sem fyrirhugað er að breyta í frístundabyggð.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguuna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Líkt og fram kemur í lýsingunni, þá er svæðið á Suðurlandsundirlendi sem hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, meðal annars vegna mikils þéttleika vaðfugla. Grónar og hálfgrónar áreyrar Markarfljóts eru þar engin undantekning og fóstura mikið fuglalíf. Má þar sérstaklega nefna spóa en búsvæði af þessu tagi eru kjörlandi hans hér á landi með einhvern mesta þéttleika sem þekktist á heimsvísu. Þéttleiki margra annarra vaðfugla er einnig hár og þá er kjói mjög algengur á svæðinu en hann er á válista sem tegund í hættu.

Þessum búsvæðum er víða ógnað, s.s. vegna framrásar lúpínu og skógræktar og nú á seinni árum einnig vegna uppbyggingar frístundabyggða og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að vernda sem stærst, samfelld svæði fyrir raski og uppbroti (e. fragmentation) og reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu.

Skipulagssvæðið sem hér um ræðir er á svæði sem lúpína hefur að miklu leyti lagt undir sig. Fáar fuglategundir verpa innan þetta lúpínubreiða en þúfutittlingur og hrossagaukur finnast þar þó í miklum þéttleika.¹ Þar sem lúpínan er gisnari má m.a. gera ráð fyrir tegundum eins og spóa, heiðlóu og sandlóu.

Í töflu um umhverfisþætti sem verða skoðaðir er eina matsspurningin sem snýr að fuglum eftirfarandi: „Hefur stefnan áhrif á fuglaverndunarsvæði?“

Þetta er of þröngt viðmið og í umhverfismatsskýrslu ætti að vera umfjöllun um líklegar fuglategundir á svæðinu og áhrifum framkvæmdanna á þær. Einnig þarf að skoða samlegðaráhrif við aðrar framkvæmdir en nú er fyrirhuguð uppbygging vegna frístundabyggða eða ferðaþjónustu á a.m.k. þremur svæðum í grennd við Markarfljót.

Þá fylgir því mikil ábyrgð að skipuleggja frístundabyggð og ferðaþjónustusvæði innan skilgreinds hættusvæðis vegna náttúruvár, þ.e. jökulhlaup vegna eldgosa undir jökli. Mikilvægt er að taka tillit til náttúruvár í allri landnýtingu og skipulagsvinnu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.



Heimild

1. Brynja Davíðsdóttir, Tómas Grétar Gunnarsson, Guðmundur Halldórsson & Bjarni Diðrik Sigurðsson 2016. Avian abundance and communities in areas revegetated with exotic versus native plant species. Icelandic Agricultural Sciences 29. 21–37.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

